

Priðjudaginn 3. mars 1992.

Nr. 500/1991. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Aðalsteini Júlíussyni

(Knútur Bruun hrl.).

Umferðarlög. Bifreiðar. Bifhjól. Manndráp af gáleysi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 10. desember 1991 til sakfellingar samkvæmt ákæru, refsí-
ákvörðunar og sviptingar ökuréttinda. Þá var skipuðum verjanda ákærða í héraði, Knúti Bruun hæstaréttarlögmanni, einnig stefnt fyrir Hæstarétt til þess að þola endurskoðun til lækkunar á ákvörðun héraðsdómara um málsvarnarlaun í héraði, sbr. 3. mgr. 179. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Málsatvik eru þau, að miðvikudaginn 17. apríl 1991 varð harður árekstur með bifhjólinu RN-025 og bifreiðinni P-924, sem ekið var vestur nyrðri akbraut Laugavegar í Reykjavík og inn á syðri akbraut götunnar áleiðis að húsi Heklu hf. nr. 170-174. Akbrautum er á þessu svæði skipt með umferðareyjum. Bifhjólinu var ekið austur Laugaveg, og skall það af miklu afli á hægri framhlið bifreiðarinnar með þeim afleiðingum, að ökumaður þess, Jón Sigurður Halldórsson, lést. Hemlaför bifhjólsins mældust 25 metrar. Hemlaför sendi bifreiðarinnar H-3918, sem einnig var ekið austur Laugaveg og var á hægri akrein, voru mæld um það bil tíu metrar. Í lögregluskýrslu kemur fram, að yfirborð vegarins, sem var malbikaður, hafi verið slétt og þurrt. Af hemlaförum að dæma virðist bifhjólið hafa runnið við hemlun af vinstri akrein eða miðju syðri akbrautarinnar fram fyrir sendibifreiðina, en áreksturinn varð á hægri akrein. Á ljósmyndum af vettvangi sést, að vinstra framhjól bifreiðar ákærða var komið upp á gangstétt í innkeyrslunni að Heklu hf., þegar áreksturinn varð. Slysið var tilkynnt lögreglu kl. 16.54, og var þá bjart veður og sólskin. Ekki verður ráðið af framlögðum skoðunar-

skýrslum Bifreiðaskoðunar Íslands hf., sem unnar voru skömmu eftir slysið, að ökutækin hafi verið vanbúin.

Eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi, verður að telja ósannað, að ákærði hafi séð til ferða bifhjólsins umrætt sinn eða aðstæður hafi verið þannig, að gáleysislegt hafi verið af hans hálfu að aka inn á syðri akbraut Laugavegar miðað við fjarlægð þeirra tveggja bifreiða, sem næstar voru og ekið var til austurs, að því er virðist samsíða eða því sem næst. Það verður ekki metið ákærða til sakar, að hann við þessar aðstæður varaðist ekki bifhjólið, sem telja verður sannað, að ekið hafi verið á allt of miklum hraða milli framangreindra bifreiða, sbr. 1. mgr. 37. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, og þvert gegn fortakslausu banni 1. mgr. 41. gr. sömu laga, sbr. og 1. mgr. 23. gr. laganna. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um sýknu ákærða.

Rétt er, að allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, eins og í dómsorði greinir. Við ákvörðun málsvarnarlauna skipaðs verjanda fyrir Hæstarétti er tekið tillit til þess, að málsvarnarlaun voru ákveðin of há í héraðsdómi miðað við umfang málsins.

Í héraðsdóminn skortir atvikalýsingu í samfelldu máli, en framburði ákærða og vitna fyrir dómi er hins vegar glögglega lýst. Samning dómsins er þannig ekki að öllu leyti í samræmi við 166. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Knúts Bruun hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 13. nóvember 1991.

Ár 1991, miðvikudaginn 13. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Guðjóni St. Marteinsyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 588/1991: Ákærvaldið gegn Aðalsteini Júlíussyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 27. ágúst 1991, á hendur Aðalsteini Júlíussyni, Barðavogi 44, Reykjavík, kt. 181239-

3529, „fyrir að aka miðvikudaginn 17. apríl 1991 bifreiðinni P-924 vestur vinstri akrein Laugavegar í Reykjavík og án nægjanlegrar aðgæslu inn á syðri akrein götunnar áleiðis að húsi nr. 170-174 og í veg fyrir bifhjólið RN-025 og sendibifreið, sem ekið var austur Laugaveg. Ökumanni sendibifreiðarinnar tókst að staðnæmast með því að nauðhemla, en bifhjólið rann í hemlun á bifreið ákærða. Við þetta kastaðist ökumaður þess, Jón Sigurður Halldórsson, fæddur 27. júlí 1958, í götuna og hlaut svo mikla áverka á vinstri síðu og í kviðarholi, að hann lést skömmu síðar.

Telst þetta varða við 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og 6. mgr. 25. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. nefndra umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Verjandi ákærða flutti munnlega vörn í dag og gerði þær dómkröfur, að ákærði yrði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins, og jafnframt, að allur kostnaður vegna málsins, þ. m. t. málsvarnarlaun, yrði greiddur úr ríkissjóði.

Málsatvik.

Ákærði kom fyrir dóminn 8. október sl. Ákærði vísaði því á bug að hafa ekið bifreið sinni inn á syðri akrein Laugavegar áleiðis að húsi nr. 170-174 við Laugaveg án nægjanlegrar aðgæslu, svo sem ákært er út af. Ákærði kvaðst hafa stöðvað bifreið sína, P-924, móts við hús nr. 170-174 við Laugaveg, hús Heklu hf., og ætlað að aka inn á bílastæðin við það hús. Ákærði kvaðst hafa séð umferð koma úr vesturátt og beðið færis að aka yfir syðri akrein Laugavegar og yfir á lóð Heklu. Ákærði taldi þær bifreiðar, er næstar hefðu verið, hafa verið Toyota-sendibifreið, sem hefði verið ekið austur Laugaveg á hægri akrein, og Daihatsu-bifreið á vinstri akrein, og hefði hún verið skammt á undan sendibifreiðinni. Ákærði taldi bifreiðar þessar hafa verið staddar rétt austan við útkeyrslu vestast á lóð gamla Hekluhússins, og taldi ákærði sig því hafa haft nægan tíma til að komast yfir á lóð Heklu. Samkvæmt mælingu lögreglu eru 83 metrar milli útkeyrslu vestast á lóð Heklu og innkeyrslu þeirrar, þar sem slysið varð. Ákærði kvaðst því hafa haft nægan tíma til að aka yfir syðri akrein Laugavegar vegna bifreiðanna, er ekið var í austurátt, en ákærði kvað bifreiðunum hafa verið ekið á eðlilegum ökuhraða, og kvaðst ákærði telja, að bílstjóri sendibifreiðarinnar hefði nauðhemlað, er bifhjólið hefði runnið í hemlun fram hjá bifreiðinni, og hið sama eigi við um ökumann Daihatsu-bifreiðarinnar. Ákærði kvaðst hvorki hafa heyrt í bifhjólinu né séð það, fyrr en það skall á bifreið ákærða, en ákærði kvað eiginkonu sína, Elínu Ingólfsdóttur, hafa komið auga á bifhjólið augnabliki áður en það skall

á bifreiðinni, og hefði hún þá hrópað upp yfir sig. Ákærði kvað bifhjólíð hafa skolið á hægra frambretti bifreiðar sinnar, og við það hefði hægri hliðarrúða bifreiðarinnar farið úr svo og framrúða, og síðar hefði komið í ljós, að ökumaður bifhjólsins hefði legið í götunni vinstra megin við bifreið ákærða.

Vitnið Elín Lára Ingólfsdóttir bókari, eiginkona ákærða, kom fyrir dóminn 23. október sl. Elín kvaðst hafa verið farþegi í bifreið ákærða á þeim tíma, er í ákæru greinir. Elín kvaðst sjálf vera bílstjóri og hafa litið eftir umferð úr vesturátt, er ákærði ók yfir á syðri helming Laugavegar og í áttina að Hekluhúsinu, og kvaðst Elín hafa talið nægan tíma til að komast yfir á lóð Heklu. Elín kvaðst telja, að bifreiðarnar tvær, er komu akandi úr vesturátt, hefðu verið nærri útkeyrslunni vestast á lóð Heklu, og hefði þeim verið ekið á eðlilegum hraða. Elín kvaðst þá skyndilega hafa séð til ferða bifhjóls, sem ekið hefði verið á miklum hraða milli þeirra tveggja bifreiða, er komu úr vesturátt, og örskömmu síðar hefði bifhjólíð lent á bifreið ákærða og þá verið á mikilli ferð. Bifreiðarnar, er komu úr vesturátt, hefðu verið nánast samsíða og bifhjólíð ekki komist fram úr þeim öðruvísi en fara á milli þeirra.

Vitnið Þórdís Guðfinna Jóhannesdóttir sjúkraliði kom fyrir dóminn 23. október sl. Þórdís kvað bifreið sína hafa verið kyrrstæða fyrir aftan bifreið ákærða, er hann beið færís að aka yfir á lóð Heklu á þeim tíma, er í ákæru greinir. Þórdís kvað sér hafa virst ákærði vera „kaldur“, er hann hefði ekið af stað yfir Laugavegin og í átt að Hekluhúsinu. Þórdís taldi þó, að ákærði hefði haft nægan tíma til að komast þar yfir vegna bílanna, er komu úr vesturátt, en ákærði hefði ekið frekar hægt. Þórdís kvað bifreiðarnar, er komu úr vesturátt, hafa verið u. þ. b. samsíða, og hefði sendibifreið verið á hægri akrein, en lítilli fólksbifreið verið ekið eftir vinstri akrein. Þórdís kvaðst hvorki hafa heyrt í bifhjólinu, er kom úr vesturátt, né séð til þess, en einungis heyrt höggið, er það skall á bifreið ákærða.

Vitnið Stefán Kristján Stefánsson sendibílstjóri kom fyrir dóminn 23. október sl. Stefán kvaðst hafa ekið sendibifreið sinni upp Nóatún og beygt inn á Laugaveg til austurs á þeim tíma, er í ákæru greinir. Stefán kvaðst hafa ekið á um 50-60 km hraða og verið kominn nærri innkeyrslunni að Heklu, er bifreið ákærða hefði verið ekið í veg fyrir bifreiðina, og kvaðst Stefán þá hafa snögghemlað. Stefán kvaðst giska á það, að bifreið sín hefði verið u. þ. b. 10-15 metra frá innkeyrslunni, er hann byrjaði að hemla, en þar sé um ágiskun að ræða og einhverju geti skeikað í þessu efni. Stefán kvaðst ekkert hafa séð til ferða bifhjólsins, fyrr en örskömmu áður en bifreið sín hefði numið staðar, en þá hefði bifhjólíð komið fram úr vinstra megin á mikilli ferð. Stefán kvaðst ekki treysta sér til að giska á hraða bifhjólsins, en það hefði verið á miklum hraða, er það lenti á bifreið

ákærða. Stefán mundi ekki eftir annarri bifreið við hlið sinnar, er þetta gerðist.

Vitnið Elísabet Sigurðardóttir skrifstofumaður kom fyrir dóminn 23. október sl. Elísabet kvaðst hafa verið að aka bifreið sinni frá Hekluhúsinu á þeim tíma, er í ákæru greinir. Elísabet kvaðst hafa séð til umferðar, er kom úr vestri eftir Laugaveginum, og hefði sendibifreið verið fremst og á hægri akrein, en önnur bifreið verið við hlið hennar. Elísabet kvað bifreiðar þessar hafa verið staddar nærri útkeyrslu vestast á lóð Heklu og hefði hún talið sig hafa haft nægan tíma til að aka frá lóð Heklu og inn á Laugaveg, en hætt við, er hún sá til ferða bifhjóls, er kom úr vesturátt. Elísabet kvað bifhjólinu hafa verið ekið á mikilli ferð í austurátt og á milli fremstu bifreiðanna, er komu úr þeirri átt, og kvað Elísabet sér hafa virst framhjól bifhjólsins lyftast frá götunni. Elísabet kvaðst telja, að ákærði hefði haft nægan tíma til að aka yfir Laugavegin og inn á lóð Heklu vegna bifreiðanna, er komu úr vesturátt, og kvaðst Elísabet sjálf hafa haft nægan tíma til að aka inn á Laugavegin vegna sendibifreiðarinnar, og hið sama hefði átt við um ákærða, hann hefði haft nægan tíma til að aka yfir Laugavegin. Elísabet kvað bifhjólið hafa komið milli tveggja fremstu bifreiðanna og það verið á mikilli ferð, er það skall á bifreið ákærða.

Vitnið Snorri Hlíðberg Kjartansson, starfsmaður Heklu, kom fyrir dóminn 23. október sl. Snorri kvaðst á þeim tíma, er í ákæru greinir, hafa verið staddur úti í glugga á vinnustað sínum í gamla Hekluhúsinu. Snorri kvaðst hafa haft sjónlínu skammt frá gatnamótum Laugavegar og Nóatúns og á móts við mitt gamla Hekluhúsið. Snorri kvaðst hafa veitt athygli bifhjóli, er kom frá gatnamótum Laugavegar og Nóatúns, og skyndilega hefði snúningur vélar hjólsins verið aukinn og hjólið „krossað“ bílana, þ.e. bifhjólið ók fram úr bílunum og skipti sífellt um akrein. Snorri kvað bifhjólið hafa horfið sjónum sínum móts við mitt gamla Hekluhúsið, og örskömmu síðar hefði hann heyrt skell. Snorri kvað bifhjólið hafa verið á mun meiri hraða en bifreiðarnar, er ekið var eftir Laugavegi í austurátt, en þær hefðu allar verið á „venjulegri“ ferð, og kvað Snorri bifreiðarnar, er hann sá út um gluggann á vinnustað sínum, enn hafa verið sér sýnilegar, er hann heyrdi skellinn.

Vitnið Erla Bergmann Danelíusdóttir, starfsmaður elliheimilis, kom fyrir dóminn í dag. Erla kvaðst hafa ekið bifreið sinni af Nóatúni og inn á Laugaveg til austurs á þeim tíma, er í ákæru greinir. Erla kvaðst hafa verið búin að aka stutta vegalengd eftir Laugaveginum, er bifhjól hefði skotist fram úr eftir vinstri akrein og lent skömmu síðar á bifreið ákærða. Erla kvaðst ekki muna eftir öðrum bifreiðum á Laugavegi, er slysið varð, og ekki veitt bifreið ákærða athygli, fyrr en bifhjólið skall á henni. Erla kvað Laugavegin hafa verið auðan í austurátt fyrir utan bifreið, er var mun lengra

í burtu, og bifreið ákærða því ekki hindrað akstur sinn í austurátt, en Erla kvað enga bifreið hafa verið á undan bifreið sinni utan bifreið lengra burtu, svo sem rakið var.

Vitnið Hákon Sigurjónsson rannsóknarlögreglumaður kom fyrir dóminn í dag. Hákon tók ljósmyndir af vettvangi 17. apríl sl. Hákon greindi frá því, að samkvæmt mælingum og tilraunum væri hraði ökutækis, er flokkaðist sem bifreið og næði að stöðvast á 25 metrum miðað við fullkomna hemlun og enga fyrirstöðu, 67 kílómetrar á klukkustund. Hákon greindi frá því, að tilraunir með sams konar bifhjól og hér um ræðir hefðu leitt í ljós, að hemlunarvegalengd slíks hjóls, sem hemlað er á 100 kílómetra hraða, myndi vera 35 metrar miðað við það, að hjólið hemli fullkomlega á báðum hjólum og engin fyrirstaða sé. Hákon kvað strax hafa læðst að sér þann grun, er í ljós kom, að hraðamælir bifhjólsins hefði verið fastur á 110 km hraða, að hjólinu hefði einungis verið hemlað á afturhjóli. Hákon kvað afturhjóli vera hemlað með fótstigi, en framhjóli með handhemli. Hákon kvað hraðamæli hjólsins hafa átt að fara í 0-stöðu, ef framhjólinu hefði verið hemlað, en hraðamælirinn sé tengdur framhjólinu. Hákon greindi frá því, að líkur væru til þess, að bifhjólinu hefði einungis verið hemlað á afturhjóli. Því til stuðnings benti Hákon á það, að ekki væru á ljósmyndum af vettvangi sýnileg hemlaför eftir framhjól mótorhjólsins.

Niðurstöður.

Svo sem rakið hefur verið, vísaði ákærði því á bug, að hann hefði ekki sýnt nægilega aðgæslu, er hann ók inn á syðri akrein Laugavegar móts við Hekluhúsið 17. mars sl. Vitnin Elín Lára Ingólfssdóttir, Þórdís Guðfinna Jóhannesdóttir, Elísabet Sigurðardóttir og Erla Bergmann Daneliusdóttir hafa ýmist borið, að ákærði hafi haft nægan tíma til að aka yfir Laugaveginn vegna bifreiðanna, er komu úr vesturátt, eða að bifreið ákærða hafi ekki hindrað akstur austur Laugaveg, svo sem vitnið Erla Bergmann bar. Vitnið Stefán Kristján Stefánsson kvaðst hafa þurft að snögghemla, er ákærði ók bifreið sinni yfir Laugavegin, en ákærði taldi Stefán hafa snögghemlað, er bifhjólið skaust fram úr bifreið Stefáns. Vitnið Snorri Hlíðberg Kjartansson kvað bifreiðarnar, er ekið var austur Laugaveg á þessum tíma, enn hafa verið sér sýnilegar, er bifhjólið skall á bifreið ákærða, en svo sem rakið var að framan, hurfu bifreiðar sjónum Snorra, þaðan sem hann stóð, er bifreiðarnar voru komnar móts við mitt gamla Hekluhúsið, en þangað hafði Snorri sjónlínu. Flest vitnanna hafa borið, að ákærði hafi haft nægan tíma til að aka yfir Laugaveg vegna bifreiðanna, er komu úr vesturátt. Ákærði sá ekki til ferða bifhjólsins, sem skaust á milli bifreiðanna, er fremstar voru á leið austur, en bifreiðar þessar munu hafa verið nánast samsíða og þannig byrgt sýn vestur Laugaveg. Ákærði

átti því ekki von á öðrum ökutækjum úr þessari átt en þessum bifreiðum, a. m. k. ekki á undan þeim. Ökumaður bifhjólsins kom engu að síður úr þessari átt, skaust milli bifreiðanna, er fremstar voru, og „krossaði“ bifreiðarnar, er óku í austurátt á þessum tíma, svo sem vitnið Snorri Hlíðberg Kjartansson bar. Að öðru leyti vísast til framburðar vitna hér að framan um ferð bifhjólsins og aksturslag. Þrátt fyrir það að bifhjólíð hafi runnið 25 metra í hemlun, áður en það hafnaði á bifreið ákærða, skall það á bifreiðinni af gríðarlegu afli, svo sem ljósmyndir málsins bera með sér. Þetta gefur vísbendingu um ökuhraðann ásamt öðrum gögnum málsins. Þótt ekkert sé hægt að fullyrða um hraða bifhjólsins, er ljóst, að hann hefur verið mjög mikill og ökulagi stjórnanda bifhjólsins og hraða um að kenna, hvernig fór, og telur dómurinn, að ákærði eigi þar enga sök á, og er hann því sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins í málinu.

Sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þ. m. t. 80.000 kr. í málsvarnarlaun til Knúts Bruun hæstaréttarlögmans.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Aðalsteinn Júlíusson, er sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins í málinu.

Sakarkostnaður, þ. m. t. 80.000 kr. málsvarnarlaun til verjanda, Knúts Bruun hrl., greiðast úr ríkissjóði.
